



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. janúar 2016
UST201502-378/K.S.J.
09.08.00

Berist til skipulags- og byggingarfulltrúa og formanns
náttúruverndarnefndar/umhverfisráðs sveitarfélagsins

Efni: Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í gildi eru lög og reglugerð sem varða auglýsingar utan þéttbýlis. Umhverfisstofnun bendir á að auglýsingar utan þéttbýlis þurfa að vera bæði hvað varðar útlit og staðsetningu, innan þess ramma sem fram kemur í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.

Í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur eftirfarandi fram:

72. gr. Auglýsingar utan þéttbýlis.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að svipmóti lands. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði. Uppsetning auglýsinga meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis sem uppfylla ekki skilyrði 2. málsl. 1. mgr. eða reglugerðar skv. 2. mgr. varðar refsingu, sbr. 90. gr.

Í reglugerð 941/2011 um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis er svo nánar kveðið á um þessi auglýsingaskilti. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/941-2011>.

Þar segir m.a. „*Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, þ. á. m. skipulagslaga, laga um mannvirki og vegalaga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Skal þar miðað við umráðasvæði viðkomandi rekstraraðila. Með látlausum auglýsingum er átt við auglýsingar sem eru hóflegar að stærð og umfangi að teknu tilliti til þess sem auglýst er, eru lítt áberandi og hafa aðallega að geyma upplýsingar um umræddan rekstur, þjónustu eða vörur.*“


Í reglugerðinni segir einnig: Telji stofnunin að um brot sé að ræða á 3. gr. skal hún óska eftir upplýsingum um málið hjá viðkomandi aðila og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á, þ. á m. byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags. Sé það niðurstaða Umhverfisstofnunar að um sé að ræða ólögmæta auglýsingu samkvæmt reglugerð þessari skal stofnunin, eftir atvikum að höfðu samráði við byggingarfulltrúa, skora á viðkomandi aðila að fjarlægja auglýsinguna innan nánar tilgreinds frests og er stofnuninni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni. Hámark dagsekta er 100.000 kr. á dag.

Ef upp koma vafaatriði o.þ.h. bendir stofnunin á að sérfræðingar Umhverfisstofnunar eru reiðubúnir til samráðs og ráðgjafar ef þörf er á. Sími stofnunarinnar er 591 2000.

Umhverfisstofnun væntir góðs af samstarfi við skipulags- og byggingarfulltrúa um allt land og saman munum við vinna að því að koma í veg fyrir ólöglegar auglýsingar í náttúru Íslands.

Ef óskað er eftir að fá bréfið á pappíriformi þá vinsamlegast látið vita og það verður sent til viðkomandi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Lögfræðingur